

# UMHVERFISVIKA Á SVALBARÐSSTRÖND 17.-24. MAÍ

## 17. maí

✓ Strandhreinsun: Auglýst er eftir sjálfbóðaliðum í strandhreinsun dagana 17. og 18. maí. Svæðinu verður skipt í tvennt, norður- og suðurhluta. Strandhreinsun er unnin í samstarfi við landeigendur og geta þeir óskað eftir að þeirra stendur séu hreinsaðar með því að senda tölvupóst á [vinnuskoli@svabardsstrond.is](mailto:vinnuskoli@svabardsstrond.is). Stendur eru gengnar milli klukkan 16:00-19:00

## 18. maí

✓ Strandhreinsun: Auglýst er eftir sjálfbóðaliðum í strandhreinsun dagana 17. og 18. maí. Svæðinu verður skipt í tvennt, norður- og suðurhluta. Strandhreinsun er unnin í samstarfi við landeigendur og geta þeir óskað eftir að þeirra stendur séu hreinsaðar með því að senda tölvupóst á [vinnuskoli@svabardsstrond.is](mailto:vinnuskoli@svabardsstrond.is). Stendur eru gengnar milli klukkan 16:00-19:00

## 19. maí

✓ Fyrirlestrar, opnir fyrir alla, í Valsárskóla klukkan 17:00, Norðurorku um göngu og hjólastíg og Svalbarðsstrandarhreppi um stígagerðar:

- ✓ Hjalti Steinn Gunnarsson, starfsmaður Norðurorku segir frá framkvæmdum á göngu- og hjólastíg í Vaðlareit
- ✓ Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps segir frá næstu skrefum í gerð göngu- og hjólastígs.

Margar hendur vinna létt verk



## 20. maí

✓Vaðlabyggð – rusldagur: Fyrir hádegi sækja starfsmenn Svalbarðsstrandarhrepps gróðurúrgang til þeirra sem þess óska og sent hafa beiðni á [vinnuskoli@svabardsstrond.is](mailto:vinnuskoli@svabardsstrond.is)

✓Vaðlareitur hreinsun: Íbúar og starfsmenn tína rusl meðfram þjóðvegi og næsta umhverfi Veigastaðavegar. Ef tími og mannskapur er til þá verður einnig gengið eftir gamla þjóðveginum að hreppsmörkum í suðri og Hrafnabjörgum í norðri. Gengið verður milli klukkan 16:00-19:00

## 23. maí

✓Svalbarðseyri – rusldagur: Fyrir hádegi sækja starfsmenn Svalbarðsstrandarhrepps gróðurúrgang til þeirra sem þess óska og hafa sent beiðni á [vinnuskoli@svabardsstrond.is](mailto:vinnuskoli@svabardsstrond.is)

✓Gámasvæði á Svalbarðseyri opið milli klukkan 15:00-17:30, starfsmenn TERRA og sveitarfélagsins aðstoða við flokkun.

## 24. maí

✓Svalbarðsströnd hreinsun: Íbúar og starfsmenn tína rusl meðfram þjóðvegi og næsta umhverfi Grenivíkurvegar frá hreppsmörkum í norðri til hreppsmarka í suðri. Vinna hefst klukkan 17:00 og lýkur á pylsupartyi í Valsárskóla undir öruggri stjórn Fannars.

Í umhverfisviku er þessi þjónusta í boði:

✓Þeir sem þurfa gáma í styttri tíma til að fjarlægja t.d. rúlluplast eða mikið magn af timbri geta fengið gáma til að losa rusl í. Það er í gegnum netfangið [postur@svabardsstrond.is](mailto:postur@svabardsstrond.is)

✓Auka gróðurgámur settur á gámasvæði í Vaðlareit

✓Gróðurtippur á Svalbarðseyri tekur á móti gróðurúrgangi

✓MOLTA aðgengileg á gróðurtipp á Svalbarðseyri, án endurgjalds

✓Mold má nálgast á gróðurtipp á Svalbarðseyri

Með kærri kveðju Umhverfis- og atvinnuálanefnd Svalbarðsstrandarhrepps

